


## Reytingsafli hjá bolfiskveiðibátum

— Bræla á miðunum hamlar loðnuveiði  
— Loðna aðeins til Vestmannaeyja í gær

Í GÆR var komin bræla á miðunum við suðvestur- og Suðurland og gátu loðnubátar litið aðhafst, en reytingsafli var hjá neta-, línu- og trollbátum. Í sumum verstöðvum hefur verið dágóður bolfiskafli, en mest hefur borizt á land af ufsa. Heldur hefur þó þorskaflinn verið að aukast undanfarna daga, t.d. hjá Vestmannaeyjabátum. Mestur þorskaflur hefur þó verið að undanförmu hjá Sandgerðisbátum og hefur þar verið um að ræða væn an þorsk. Mokaflur af ufsa hefur verið undanfarna daga hjá Hornafjarðarbátum, og hafa þeir komist upp í 70 tonn. Við höfðum samband við nokkrar verstöðvar í gær og fara þær upplýsingar, sem við fengum, hér á eftir:

**ALLIR EYJABÁTAR Á SJÓ**  
Afli hefur heldur verið að glæðast í troll hjá Eyjabátum að undanförmu. Einn og einn bát



Grænlenzkur gestur  
í Þýzkalandi.

## GRÆNLANDSFÁLKI SETTIST Á ÞÝZKAN TOGARA VIÐ ÍSLAND

— er nú í dýragarði í Þýzkalandi

GRÆNLANDSFÁLKI, öðru nafni hvítfálki, settist í óveðri á þýzkan togara tuttugu mílur út frá Íslandi og náði einn skipverja að grípa fuglinn og hafði hann með sér heim til Kiel, þar sem hann er nú hafður í dýragarði. Skýrði blaðið Kieler Nachrichten frá þessu 19. febrúar.

Segir í blaðinu að Grænlandsfalkinn lifir einungis á Grænlandi en afbrigði af honum á Íslandi. „Hann er í rauninni ómetanlegur“, segir dr. Mordhorst í viðtali við blaðið og segir hann engan dýragarð í Mið-Evrópu eiga þessa fálka tegund. Hefur þegar verið

ur hefur sett í góðan aflla, en yfirleitt er það heldur dautt, að því er Björn Guðmundsson, fréttaritari Mbl. í Eyjum tjáði okkur. Netabátarnir hafa verið

Framhald á bls. 27

## SVEIK HÉR ÚT 272 ÞÚS. KR.

— OG FÓR AF LANDI BROTT

RANNSÓKNARLÖGREGLUNNI í Reykjavík barst í fyrrkvöld kára frá einum bankanna á hendur manni, sem hafði falsað og selt ávísanir að upphæð 272 þúsund krónur. Kom í ljós, að maður þessi fór í fyrradag með flugvél til Luxemburg, gisti þar á hóteli í fyrrinótt en hvarf á braut þaðan í gærmorgun. Málið er í rannsókn.

Á laugardagskvöld týndist ávísanahefti, sem svo með einhverju móti hefur komizt í hendur þessa manns. Hann falsaði úr því fjórar ávísanir; há hæstu upp á 92 þúsund krónur, og seldi í bönkum og bankaútibúum.

Hafði maðurinn útbúið sér stimpil með nafni velþekktis fyrirtækis og notaði stimpilinn á allar ávísanirnar. Hins vegar not

## Miklar rigningar á Suðurlandi

Það rigndi geysilega í gær á Suður- og Suðvesturlandi, en þó var ekki mikil rigning í Reykjavík. Hins vegar var mikið vatnsveður rétt utan við borgina og t. d. flæddi vatn yfir veginn við

Það rigndi geysilega í gær á Suður- og Suðvesturlandi, en þó var ekki mikil rigning í Reykjavík. Hins vegar var mikið vatnsveður rétt utan við borgina og t. d. flæddi vatn yfir veginn við

ákveðið að setja fálkann í fuglabúr sem reist verður í útidýragarðinum í Molfsee, svo að gestir geti dádast að þessum sjaldgæfa norræna gesti. Í nálægu búi verður settur flökkufálki og geta frændurnir þá væntanlega skrafað saman, segir blaðið.

Arnþór Garðarsson, dýrafræðingur gaf Mbl. þær upplýsingar, að hvítfálki kæmi hingað öðru hverju á veturna. Er þetta sama fálkategund og hér á landi og reyndar um allan heim, en litur fálkanna er mismunandi. Er Grænlandsfálki hvítur og því oft nefndur hvítfálki.

## Tónabær

hlaut flest atkvæði

ATKVÆÐAGREIÐSLA um nafngift skemmtistaðar ungs fólks, sem áður hét Lido, hefur farið fram og var greinargerð um atkvæðagreiðsluna lögð fyrir borgarráð á síðasta fundi.

Flest atkvæði hlaut Tónabær, næstflest Hreiðrið, síðan Hlíðarbær, þá Verið og Kot. En alls var valið um 21 nafn.

aði maðurinn sitt rétta nafn, þegar hann framseldi ávísanirnar í bönkunum og útibúnum.

Maður þessi hefur áður orðið uppvís að ávísanafalsi.

## Um 37 þús. ísl. gærur til Bandaríkjanna

Einnig seldar kvenslár og fleiri ullarvörur

**BANDARÍKJAMAÐURINN**  
Thomas Holton, sem selur mikið af íslenskum vörum í Banda-

rikjunum, er nýkominn úr söluferð þangað og leitaði Mbl. fréttu af solumálum. Þar kom m.a. fram, að hann kvaðst geta selt allt það magn af sútuðum gærum til Bandaríkjanna, sem hann fái, en reiknar með að á þessu ári verði það 37 þúsund gærur.

Þá hefur hann fest kaup á íslenskri nýjung, ofinni kápuslá, sem Margrét Árnadóttir framleiðir og þeirri sömu flík, sem hún er nú að senda á fatnaðar-kaupstefnuna í Kaupmannahöfn. Hefur Tomas Holton pantað hjá henni 1000 stykki af þessari slá, og kveðst vera búinn að selja megnið af því í búðir í Bandaríkjunum, en hann hefur ennþá aðeins haft með sér sýnishorn þangað. En slárnar fara ekki frá honum úr vöruhúsi í New York fyrr en í júlí eða ágúst, þar sem þetta er hlýr vetrarfatnaður og búðirnar taka hann ekki til sölu fyrr. Þessi slá er úr íslenskri ull í sauðalitum og teiknuð af Margréti Árnadóttur sjálfri, en mynstur hefur Ásgerður Búa-dóttir gert.

Norðanlands, Austanlands og á Vestfjörðum var víða geysileg hálka í gær. Fært var frá Reykjavík norður til Húsavíkur og frá Húsavík var fært á stórum bílum til Raufarhafnar. Annars eru vegir á Norðausturlandi ófærir og á Austurlandi eru alir fjallvegir ófærir. Fært er þó frá Egilsstöðum út í Eiðabínghá og í Fossvelli og upp í Hallormsstað. Sömuleiðis var fært frá Egilsstöðum til Eskifjarðar og leiðin suður með fjörðum. Þá var fært frá Djúpvogi til Hafnar í Hornafirði, en aðlsstaðar var mikil hálka á vegum. Frá Reykjavík er einnig fært til Reykhólasveitar og um allt Snæfellsnes.

**KENNSLUTÆKNI** hefur boðað til fjögurra funda um skólamál í marz, svo sem getið hefur verið í Mbl. áður. Verða fundirnir í Hagaskóla, hinn fyrsti 1. marz og síðan 12., 26. og loks 29. marz.

Fyrsti fundurinn hefst kl. 14.30 á morgun (laugardag). Fundarefni verður „Skólaganga 6 ára barna“, og eru frummælendur Valborg Sigurðardóttir,

Framhald á bls. 27



Þessar fallegu ullarslár frá Margréti Árnadóttur fara á Bandaríkjamarkað, en þar hefur kaupssýslumaður beðið um þúsund stykki. Þær verða líka boðnar á kaupstefnunni í Kaupmannahöfn.

Einnig kvaðst Holton mundu kaupa eitthvert magn af úlpunni

Framhald á bls. 27

Höfn í Hornafirði:

## Mokaflí

— Upp í 70 lestir  
í róðri af ufsa

ÞETTA eru að verða hreinustu vandræði með ufsann, sagði Gunnar Snjólfsson, fréttaritari Mbl. í Höfn í Hornafirði í gær. — Gunnar sagði að þeir væru farnir að moka ufsanum upp eins og loðnunni, en að minnsta kosti eins og horfir væri ekki mark aður fyrir allan þennan ufsa. Gissur SF I og Gissur SF 55 voru báðir með 40 tonn af ufsa í gær og Jón Eiríksson var með 70 tonn eftir tvær nætur. — Línubátar eru að skipta yfir á net þessa dagana og nóg vinna er í landi. Gunnar sagði að mávurinn hefði horfið út á haf um leið og loðnan fór að nálgast, en áður hafði vargurinn verið gjarn á að halda sig við húsgaflla.

## Fyrsti fundur Kennslutækni er á morgun —



Frá vinstri: Pétur Einarsson, Guðrún Ásmundsdóttir og Þorsteinn Gunnarsson.

## „Yfirmáta ofurheitt“ í lönó

**GAMANLEIKRITIÐ** „Yfirmáta ofurheitt“ eftir bandaríska leikritahöfundinn Murray Shisgal verður frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur í lönó n.k. sunnudag. Leikritið heitir á frummalinu „Luv“, sem er afbökun á enska orðinu „Love.“ Leikritið er gamanleikur út í gegn

með hnitmiðuðu skopskyni í sambúð og einstaklingsbundnu lífi þeirra þriggja leikara, sem fram koma í „Yfirmáta ofurheitt.“ Í leikritinu leika Guðrún Ásmundsdóttir, Pétur Einarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Leikstjóri er Jón Sigurbjörnsson, þýðinguna gerði Úlfur Hjörvar

og leiktjöld gerði Jón Þórisson. Leikritið „Yfirmáta ofurheitt“ var sýnt í þrjú ár samfleytt á Broadway, en alls hefur leikritið verið sýnt í 24 löndum.

Eins og fyrr segir er hér um að ræða gamanleik, sem m. a. gerir grín að hinum klassísku Broadway leikritum.

### — REYTINGSAFLI

Framhald af bls. 28

með reytingsafla að undanförunu og hefur ufsinn verið þar ríkjandi, en þorskurinn hefur þó með degi hverjum látið sjá sig meir og meir. Í gærkvöldi var vitað um 3 löndubáta á leið til Eyja, Halkion, Ísleif og Gullberg, alla með yfir 200 tonn. Allir Eyjabátar voru á sjó í gær og unnið var í öllum fiskvinnslu stöðvum í Eyjum.

### DÁGÓÐUR AFLI Á ÍSAFIRÐI

Ísafirði, 27. febrúar.

Dágóður afli hefur verið hér að undanförunu og voru línubátarnir með 7—8 lestir í gær. Eru hæstu línubátarnir komnir með um 160 lestir í þessum mánuði. Mímír frá Hnífsdal, sem er á útlegu kom í gær með 40 lestir af slægðum fiski og Guðbjartur Kristján frá Ísafirði sem er á togveiðum, kom með 50 lestir í morgun.

Rækjuveiðin hefur gengið ágætlega í Ísafjarðardjúpi í þessari viku og náðu nokkrir bátar þriggja lesta vискамmtinum á þremur dögum.

— H.T.

### TÆP 200 TONN AF BOLFISKI TIL SANDGERÐIS Í GÆR

Sandgerði, 27. febrúar.

Í gær var landað hér 192 tonn af bolfiski af 31 bát. Þar var Andri aflahæstur með tæp 18 tonn á línu, en þar af voru um 14 tonn þorskur. Hólmsteinn var með 9 lestir eftir nóttina í netin og þar var um að ræða vænan þorsk alls um 1000 stykki. Í trollið hefur verið tregt ennþá, en sjómenn telja útlit batnandi fyrir trollið og vænlegt um fisk. Engin löndu barst á land í gær í Sandgerði, enda var bræla á miðunum og bátarnir komnir til hafnar um 3-leytið í gær.

— Páll Ó.

### EINN BÁTUR LANDAÐI Í REYKJAVÍKURHÖFN

Eini báturinn sem landaði í Reykjavíkurböfn í gær var Ásberg, sem var að koma af útlegu með línu, en hann var með 44 tonn.

Í fyrirtött lönduðu tveir netabátar, Helga með 17 tonn og Steinn með 12 tonn. Löndubátar urðu ekki varir við löndu fyrir vestan Reykjanes í gær, en fyrir sunnan Reykjanes var

bræla og bátarnir voru farnir að tinast til hafnar. Um 7000 lestir af löndu hafa borizt á land í Reykjavík síðan lönduveiðin hófst eftir verkfall.

### NOG VINNA Á STOKKSEYRI

Stokkseyri, 27. febrúar.

Frá Stokkseyri eru gerðir út 4 bátar í vetur og einn aðkomubátur leggur hér upp afla sinn. Heimabátar réru fyrst með línu, en hafa nú tekið net. Aðkomubáturinn veiðir aftur á móti í troll. Aflinn á línuna er hjá mb. Péttri Jónssyni alls 141 tonn í 30 róðrum, hjá mb. Bjarna Ólafssyni 27 tonn í 11 róðrum, hjá Hólmsteini 57 tonn í 20 róðrum og Hásteini 38 tonn í 13 róðrum. Aðkomubáturinn Jón Sigurðsson er með 52 tonn í 20 róðrum. Það sem hefur veiðt í net er aðallega ufsi og hefur komist upp í 11 tonn á bát. Eftir upplýsingum atvinnuleyssiskráningarinnar hér er nú enginn skráður atvinnulaus og er nóg vinna hjá öllum þorpsbúum.

— Steingrímur.

### LOÐNA OG UFSI TIL HAFNARFJARÐAR

5 bátar komu til Hafnarfjarðar í fyrradag með 1500 lestir af löndu og 5 bátar komu þangað með nokkurn afla af ufsa. Ufsaflinn á bát var frá 5 og upp í 40 tonn.

### FRÁTÖK Í LOÐNU TIL AKRANESS

Akranesi, 27. febrúar.

Frátök eru nú hér í lönduveiðinni vegna brælu á miðunum, en línubátar komu að í gær með 5—9 tonn hver. Einn bátur er með net, en afli er tregur. Í dag og nótt er spáð brælu á miðunum.

— J.H.P.

### NETABÁTAR NÝBYRJAÐIR Á EYRABAKKA

Eyrarbakka, 27. febrúar.

Einn bátur er búinn að vera á línu hér í 3 vikur og hefur hann oftast verið með frá 3—6 tonn í róðri. Einn bátur hefur verið á netum í nokkurn tíma, en það hefur verið fremur tregt hjá honum, 3—5 tonn í róðri, en þó hefur hann komist upp í 14 tonn. Mest hefur verið um ufsa að ræða í netin. Tveir bátar eru nýbyrjaðir á netum og einn leggur netin í dag.

— Óskar.

### — NIXON

Framhald af bls. 1

áherzlu á, að styrkur bandalags vestrænna ríkja hefði aldrei verið nauðsynlegri en við núverandi aðstæður í alþjóðamálum. — Góður bandamaður hlustar á vini sína, sagði hann. Nixon sagði ennfremur, að Bandaríkin vildu eiga viðræður við Sovétríkin, en þá fyrst er hann hefði rætt þau vandamál, sem fyrir lægju, við bandamenn Bandaríkjanna í Evrópu.

### ÓEIRÐIRNAR HEFJAST

Nixon var vel fagnað á leiðinni inn í Rómaborg, en skömmu eftir að hann hafði byrjað viðræður sínar við ítalska stjórnmalamenn, í Quirinalhöllinni hófust miklar óeirðir, sem kommúnistar stóðu að. Yfir 6.000 stúdentar, verkamenn, stjórnmálsmenn og smáhópar Afrikumanna og Palestínu-Araba höfðu orðið við áskorun frá kommúnistum um að efna til mótmæla gegn komu Nixon. Reyndu þeir að komast að Quirinalhöllinni, eftir að Nixon var kominn þangað.

Fjölmennt lið lögreglumanna, sem búnir voru hjálmum og voru vel vopnaðir, stöðvuðu óeirðaseggina, sem breyttu þá um stefnu og þustu að þinghúsbyggingunni, er stendur næst skrifstofubyggingu forsætisráðherra landsins, en þar er gert ráð fyrir, að Nixon haldi áfram viðræðum sínum á morgun. Kom til mikilla óláta á Piazza Colonna fyrir framan þinghúsbygginguna. Breiddst óeirðirnar út þaðan til ýmissa stærstu og þekktustu borgartorga Rómaborgar þar á meðal Piazza Venezia, þar sem Nixon hafði skömmu áður verið fagnað jinnlega af þúsundum borgarbúa.

Í átökunum beitti lögreglan tárágassprengjum og víða mátti heyra vælið í sírenum lögreglubíla og hróp og ókvæðisorð óeirðaseggjanna inn á milli. Virtist sem þetta væru verstu óeirðir, sem orðið hefðu í Rómaborg árum saman.

Stúdentar hrópuðu „Nixon, farðu heim“ og „Mao, Mao, Mao Tse-tung“ og köstuðu grjóti á lögreglumenn, sem sveifluðu kylfum sínum á móti, en yfir hvíldi sterk lýkt af táragasinu. Barðist lögreglan við mótmælammennina á aðalgötunum í hjarta borgarinnar — aðeins fáeinir húsaraðir frá Quirinalhöllinni,

þar sem Nixon ræddi við ítalska ráðamenn.

Á einum stað kveiktu óeirðaseggirnir í bifreið, en ferðafólk, sem nærri stóð, flýði í ofboði.

### INNILEGAR MÓTTÖKUR Í VESTUR-BERLÍN

Fyrr um daginn hafði Nixon verið fagnað ákaft af tugþúsundum borgarbúa í Vestur-Berlín, en þangað kom hann í fjögurra klukkustunda heim sókn ásamt Kiesinger kanzlara. Þar lýsti Nixon því yfir, að stuðningur Bandaríkjanna við íbúa V-Berlínar hefði aldrei verið eindregnari en nú.

Í ræðu, sem forsetinn flutti frammi fyrir verkamönnum við Siemensverksmiðjurnar lófað forsetinn þá einurð, sem íbúar V-Berlínar hefðu sýnt gagnvart ásækni kommúnista. — Þið hafið skapað forsöndurnar fyrir nýrri tegund einurðar — einurðar, sem í samningum milli ríkisstjórna og með því að finna lausn á andstæðum skoðunum einstakra manna, kann að verða til þess að sameina þessa borg, þessa þjóð, þessa heimsálfu og þessa reikistjórn.

Þegar forsetinn ók síðan eftir breiðstrætunum Kurfürstendam, urðu fagnaðarlæti borgarbúa svo mikil, að allar öryggisráðstafanir vegna komu forsetans fóru úr skorðum. Varð bifreið forsetans að nema staðar vegna fólksfjöldans, sem þrýsti sér að bifreiðinni. Fór Nixon þá út úr bifreiðinni, steig upp á vélarhús hennar og veifaði þaðan til mannfjöldans, sem fagnaði honum ákaft.

Búið hafði verið við mótmælaaðgerðum af hálfu róttækra stúdentana, en þær urðu miklu minni en óttast hafði verið.

Eftir að forsetinn hafði lagt blómsveig að minnismarki þeirra flugmanna, sem misstu lífið í loftflutningunum til Berlínar 1948, er loftbrúnni þangað var haldið uppi, fór forsetinn í ökuferð um borgina. Í för með honum voru Schütz borgarstjóri, Kiesinger kanzlari og Brandt utanríkisráðherra. Námu þeir fyrst staðar við Berlínarmúrinn, þar sem forsetinn horfði austur yfir, en fyrir handan mátti sjá austur þýzka landamæraverði fylgjast með í sjónaukum. Þá nam forsetinn sem snöggvást staðar fyrir framan kross, sem einkennir stað, þar sem tveir Austur-Þjóðverjar voru drepnir, er þeir reyndu að flýja vestur yfir.

### SKOTIÐ Á SKÓLAPILT Í PARÍS

Sautján árar gamall skólapiltur var skotinn af lögreglumanni í París, er pilturinn reyndi í morgun að forða sér burt, eftir að hann hafði límt andbandaríski skilti upp í grennd við Versailles-höllina ásamt þremur félögum sínum. Pilturinn, sem heitir Rene Giudicelli, fékk skot í hálsinn, en tekið var fram af hálfu lögreglumanna, að líf hans væri ekki í hættu.

Samkvæmt frásögn lögreglunnar hafði pilturinn og félagar hans gert tilraun til að aka yfir lögreglumann, en hann skaut með skammbýssu sinni á móti bílnum. Samkvæmt frásögn AFP-fréttastofunnar verður Giudicelli og félagar hans ákærðir fyrir morðtilraun á lögreglumanninum.

Stjórnmálafréttaritara í París töldu í kvöld, að þessi atburður kynni að leiða til umfangsmikilla mótmælaaðgerða stúdentana, er Nixon forseti kemur á morgun, föstudag, til Parísar frá Róm, en í París hyggst Nixon dveljast í tvo sólarhringa.

### — VAXTAHÆKKUN

Framhald af bls. 1

aðinum og hlutabréf margra stóriðnfyrirtækja lækkuðu um milljónir punda í heild. En sterlingspundið sjálft hækkaði í verði vegna vaxtahækkunarinnar. Var það komið upp í 2.3930 dollara á móti 2.3912 á miðvikudagskvöld. Vaxtahækkunin er ekki talin standa í neinu sambandi við, að pundið sé að nýju í hættu.

Í dag hækkuðu forvextir einnig í Svíþjóð úr 5 í 6%.

### — GÆRUR

Framhald af bls. 28

úr köflótta Álafossefninu, sem Barnafatagerðin hefur látið gera eftir teikningu Evu Vilhjálmssdóttur fyrir sýninguna í Kaupmannahöfn, en mynd af úlpunni hefur birt í Mbl. Ætlað hann að bjóða hana á markaði í Bandaríkjunum. Hann sagði, að sér litist mjög vel á þessar flíkur til sölu, svo og gæruvesti, sem Model Magasin hefur nú látið vinna. Þessar flíkur séu fallegar og vel unnar, en það sé skilyrði þess að þýði að bjóða þær vestan hafs.

Um gærusöluna, sagði Holton, að gæurnar sem hann fengi væru frá Sláturfélagi Suðurlands, Sútun h.f. á Akranesi og Vinnufatagerðinni. Hann hefði fengið tiltölulega lítið magn í fyrri, en nú reiknaði hann með 37 þúsundum á þessu ári. Mundi hann dreifa þessu magni mjög víða, því verðlanir keyptu ekki mikið magn í einu. Selji hann gæurnar als í 400—500 búðir, 100 stykki hér, 50 stykki þar og jafnvel niður í 6 stykki. Og þá semji hann um sölu á peysum, treflum, vettlingum og fleiru á sömu staði. En hann kvaðst vera farinn að veita verzlunum, sem hafa íslensku vörurnar, mikla aðstoð við sölu, með því að setja upp sýnishorn fyrir þær, útvega þeim myndir og auglýsingaefni o.fl. Allar þessar vörur væru í vaxandi sölu.

Um verðlag sagði Tomas Holton, að í þessum verzlunum í Bandaríkjunum væri álagning 100%, en í útsölu væru gæurnar yfirleitt seldar á 20 dollara stykkið.

### — ÍPRÓTTIR

Framhald af bls. 26

Danska liðið lék á margan hátt skemmtilega. Það eru engar stórtjörnur í þessu liði, en samvinnan sérstaklega góð, einkum þó í varnarleiknum. Það eru margir liðsmenn einstaklega fljótir að eygja möguleikana á eyðunum sem skapast og nýta möguleikana. Nýtingin í skotum þeirra varð miklum mun betri en hjá FH. Það má segja að liðin hafi barizt jöfnum leik í 40 mínútur, en eftir það náðu Danir þeim tókum á leiknum sem fyllilega verðskulduðu sigur þeirra.

Skemmtilegastan leik áttu Kurt Strip, Benny Nielsen, Gjedsted, Krustup að ögleymdum markverðinum Paul Jensen — sem á kannski meira í sigrinum en nokkur annar.

Mörk FH skoruðu Geir 8 (2 viti) Örn 5, Árni Guðjónsson 3, Birgir 2, Páll Eiríksson og Einar Sigurðsson 1 hvor.

Mörk MK 31 skoruðu Benny Nielsen, Krustup og Holmen-gaard 4 hver, Stripp 3, Lasse Dam 3, Gjedsted og Max Nielsen 2 hvor.

Dómarar voru Karl Jóhannsson og Reynir Ólafsson og mér finnst þeir ekki í jafngöðri æfingu og þeir báðir hafa áður sýnt.

— A. St.

### — KENNSLUTÆKNI

Framhald af bls. 28

skólastjóri og Högni Egilsson, skólastjóri.

Fundurinn 12. marz hefst kl. 20.30 og verður fundarefni „Tungumálakennsla í barnaskólum“. Frummælendur verða Ragnar Georgsson, skólafulltrúi og Haukur Agústsson, kennari.

Þriðji fundurinn, sem hefst kl. 20.30, miðvikudaginn 26. marz fjallar um „Skólarannsóknir“. Frummælendur verða Andri Ísaksson, sálfræðingur og Haukur Helgason, skólastjóri. Síðasti fundurinn verður laugardaginn 29. marz og hefst kl. 14.30. Þar verður fjallað um efnid „Menntun og hagvöxtur“ og eru frummælendur Torfi Asgeirsson, hagfræðingur og Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður.

Fundur þessir verða opnir öllum, sem áhuga hafa á skólamálum, sem einmitt nú eru ofarlega á baugi.